

Svæðisskipulag Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar

Fundargerð

Verknr. 1156

Skjáfundur kl. 10:30-11:30, 8.12.2016.

13/12/16

Hópur: Sveitarstjórar og verkefnisstjóri.

Fundarefni: Staða verkefnis, uppfært tíma og næsti svæðisskipulagsnefndarfundur.

Fundarmenn: Andrea K. Jónsdóttir, Ingibjörg Birna Erlingsdóttir og Sveinn Pálsson sveitarstjórar og Matthildur Kr. Elmarsdóttir frá Alta.

Fundarritari: Matthildur Kr. Elmarsdóttir.

Sent: Til fundarmanna.

Gögn kynnt á fundinum: Drög að forsendugrunni (1.-7. kafli greiningarskýrslu) og svæðismarki (8. kafli) og uppfærð tímarás.

1. Staða verkefnis: Drög að forsendugrunni og svæðismarki

Matthildur fór yfir stöðu í vinnslu forsendugrunns og svæðismarks með því að fletta í gegnum drög að áfangaskýrslu sem hefur haft vinnuheimilið „greiningarskýrsla“ en mun væntanlega verða kölluð „forsendugrunnur og tillaga að svæðismarki“, eða eitthvað í þá áttina. Svæðisskipulagsnefnd og sveitarstjórar fengu 1.-5. kafla ásamt fyrri hluta 6. kafla senda til rýni í nóvember. Síðari hluti 6. kafla, 7. og drög að 8. kafla munu berast fyrir jól.

2. Uppfærð tímarás

Matthildur kynnti uppfærða tímarás miðað við þá vinnu sem lokið er og þá vinnu sem eftir er, sjá glærur á næstu bls. Tímarásin miðar við að næsti svæðisskipulagsnefndarfundur verði í janúar en hann hefði samkvæmt upphaflegri tímaáætlun átt að vera nú í haust. Þrátt fyrir seinkun á fundinum og að greiningaráfangi hafi verið tímafrekari en ráð var fyrir, er reiknað með að svæðisskipulagið vinnist innan þess tíma sem upphaflega var áætlað.

3. Næsti fundur svæðisskipulagsnefndar

Rætt var um þá tillögu Alta að næsti svæðisskipulagsnefndarfundur verði langur vinnufundur og að á hann verði varamenn einnig boðaðir, sbr. tölvupóst frá Alta til nefndarinnar 29.11.2016. Formaður nefndarinnar tók jákvætt í þá uppástungu, sbr. tölvupóst til Alta 30.11.2016.

Sveitarstjórar voru sammála um að boða til slíks fundar í Tjarnarlundi þann 11. janúar. Sveitarstjóri Dalabyggðar mun sjá um að panta hús og veitingar. Verkefnisstjóri sér um að boða fundinn nú fyrir jól.

Tímarás

1. Verkefnislýsing (feb-apr 16)

- Viðfangsefni, samráðsaðferðir, greiningaraðferðir

2. Greining (maí-des 16)

- Heimildavinna, kortavinna, samráðsfundir

3. Stefnumótun og umhverfismat (jan-mars 17)

- Tillögugerð og mat á áhrifum á umhverfi og samfélag
- Samráðsfundir

4. Kynning og umsagnir (apr-jún 17)

- Vinnslutillaga

5. Auglýsing (júl-okt 17)

- Undirbúningur og auglýsing tillögu

6. Afgreiðsla (nóv-des 17)

- Samþykkt og staðfesting





